

**Ed.**

### **358. Breytingartillögur**

við frv. til laga um geldingu hesta og nauta.

Flutningsm.: Halldór Steinsson, Ingvar Pálmason, Bjarni Snæbjörnsson.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:  
Húsdýr, sem gelda þarf, skal staðdeyfa áður en gelding fer fram.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:  
Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með staðdeyfingarlyf og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhendingu deyfingarlyfja til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaaðferðir og meðferð á deyfingarlyfjum.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:  
Frumvarp til laga um geldingu húsdýra.